

Ráðstefna

Hjúkrun 2021 verður haldin í september!

Vísindaráðstefnan Hjúkrun 2021 verður haldin á Reykjavík Hilton Nordica, dagana 16. og 17. september næstkomandi. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár. Undanfarin ár hefur ráðstefnan verið vel sótt af hjúkrunarfræðingum og verður það vonandi líka núna í ár.

Texti: Edda Dröfn Danielsdóttir, sviðsstjóri fagsviðs

Í boði verða fyrirlestrar um niðurstöður rannsókna, þróunar- og gæðaverkefna, veggspjaldakynningar og málstofur. Mikill undirbúningur á sér stað fyrir ráðstefnuna og sér Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, annars vegar um að skipa undirbúningsnefnd sem er ábyrg fyrir dagsskrá ráðstefnunnar, og hins vegar vísindanefnd, sem er ábyrg fyrir því að fara yfir öll innsend ágríp fyrir ráðstefnuna. Nefndirnar eru skipaðar hjúkrunarfræðingum frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landspítalanum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Málstofur í staðinn fyrir vinnusmiðjur

Í ár var ákveðið að gera ákveðnar breytingar á dagskrá ráðstefnunnar sem hefur verið með hefðbundnu sniði undanfarin ár. Ákveðið var að hætta að bjóða upp á vinnusmiðjur og vera þess í

stað með málstofur, þar sem þeir til fjórir verða með erindi, svo þegar allir hafa lokið sínum erindum verður opnað fyrir spurningar og umræður. Einnig var ákveðið að breyta kynningu á veggspjöldum þannig að í ár verður boðið upp á örkynningar á þeim, sem fara fram með þeim hætti að hver hjúkrunarfræðingur fær þrjár mínútur til að kynna og svo tvær mínútur fyrir spurningar og umræður.

Aðalfyrirlesararnir í ár íslenskir

Undanfarin ár hefur verið hefð fyrir því að fá erlenda fyrirlesara sem aðalfyrirlesara á ráðstefnuna en í ár var ákveðið að einblína á íslenska aðalfyrirlesara sem verða; Ásta Thoroddsen, dósent við hjúkrunafræðideild Háskóla Íslands, María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Undirbúningsnefnd og vísindanefnd, fyrir vísindaráðstefnuna Hjúkrun 2021, binda miklar vonir við að þessar breytingar munu leggjast vel í ráðstefnugesti og hlakka til að sjá sem flesta hjúkrunarfræðinga á ráðstefnunni í haust.

